

ÚTBOÐSSKILMÁLAR ÍL-SJÓÐS Í TENGLUM VIÐ SÖLU Á LSS150434

Útboð 5. júní 2024

- Samkvæmt beiðni frá ÍL-sjóði hefur deild Lánamála ríkisins hjá Seðlabanka Íslands (hér eftir „umsjónaraðilinn“) ákveðið að taka að sér umsjón með útboði þar sem ÍL-sjóður selur skuldabréf útgefin af Lánasjóði sveitarfélaga ohf. í flokknum LSS150434, í eigu ÍL-sjóðs. ÍL-sjóður stefnir að því að selja LSS150434 bréf (ISIN númer: IS0000020691) fyrir 1.000 til 3.000 milljónir króna að nafnvirði.
- Aðalmiðlurum ríkisverðbréfa sem gert hafa þáttökusamning við ÍL-sjóð (hér eftir „þátttakendum“) er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin og senda tilboð til umsjónaraðilans í gegnum viðskipta- og útboðskerfi Bloomberg.
- Útboðið verður haldið milli kl. 10:30 og 11:00 miðvikudaginn 5. júní 2024. Niðurstaða útboðsins verður tilkynnt með opinberum hætti kl. 12:00 á útboðsdegi. Uppgjörstagur er föstudagurinn 7. júní 2024.
- Útboðið verður með hollensku fyrirkomulagi þar sem öll samþykkt tilboð bjóðast þátttakendum á sama verði. Lægsta samþykktá verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður þá söluverðinu.
- Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði. Boð skulu vera þannig að nafnverðið hlupi á heilum milljónum króna. Tilboð skulu sett fram í hreinum verðum, með þremur aukastöfum. ÍL-sjóður áskilur sér þann rétt að hækka útboðsfjárhæðina, samþykkja öll tilboð, samþykkja þau að hluta eða hafna öllum tilboðum.
- Ef tilboð berst ekki til umsjónaraðilans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir umsjónaraðilinn sig allri ábyrgð. Umsjónaraðilinn hefur heimild til að fella niður útboðið í heild sinni vegna tæknilegra örðugleika. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við umsjónaraðilann í síma 569 9635. Tilboð sem berast til umsjónaraðilans merkt ákveðnum skjáum í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta fjárhæð tilboða, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist umsjónaraðilanum fyrir kl. 11:00 á útboðsdegi.
- Skilmálar þessir gilda milli ÍL-sjóðs, umsjónaraðilans og þátttakandans í tengslum við útboðið. ÍL-sjóður og umsjónaraðilinn bera ekki ábyrgð á skuldbindingum þátttakenda gagnvart viðskiptamönnum sínum.
- Ef misræmi er á útboðsskilmálunum á ensku og íslensku þá gilda þeir íslensku.